

Þjónusta mannréttindaskrifstofu og mannréttindaráðs við innflytjendur og styrkir

Greiningar- og aðgerðaráætlun með
aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og
starfsáætlunar



Efnisyfirlit

Greiningin	3
1. Miðlæg ráðgjöf til innflytjenda	4
2. Stuðningur mannréttindaskrifstofu við fjölmeningarráð	12
3. Styrkveitingar mannréttindaráðs	15

Greiningin

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur tók að sér að greina þrjá þætti í þjónustu skrifstofunnar út frá aðferðarfræði kynjaðrar fjárhagsáætlunar.

1. Miðlæg ráðgjöf til innflytjenda sem mannréttindaskrifstofa veitir.
2. Stuðningur mannréttindaskrifstofu við fjölmeningarráð.
3. Styrkveitingar mannréttindaráðs.

Í teymi verkefnisins eru Edda Ólafsdóttir sem jafnframt er teymisstjóri, Joanna Marcinkowska og Halldóra Gunnarsdóttir, allar starfandi á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Eigandi verkefnisins er Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri. Einnig aðstoðuðu þau Stefán Kristján Gunnbjörnsson og Herdís Sólborg Haraldsdóttir við nánari útfærslu á verkefninu.

Skýrslan er kaflaskipt og í fyrsta kafla skýrslunnar er greiningar- og aðgerðaráætlun á miðlægri ráðgjöf til innflytjenda sem mannréttindaskrifstofa veitir. Einnig er töflu- og myndayfirlit yfir ráðgjöfina. Annar kafla er greiningar- og aðgerðaráætlun á stuðningi mannréttindaskrifstofu við fjölmeningarráð. Þriðji kafla er greiningar- og aðgerðaráætlun á styrkveitingum mannréttindaráðs.

Niðurstöður greingarinnar fara hér á eftir.

1. Miðlæg ráðgjöf til innflytjenda

Samantekt

Greining á miðlægri ráðgjöf til innflytjenda sem mannréttindaskrifstofan veitti á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2013, fjöldi þeirra sem fengu ráðgjöf og flokkun eftir kyni.

Tafla. Miðlæg ráðgjöf fyrir innflytjenda

Aldurshópur: 18 ára og eldri		Fjöldi alls: 942	
Konur		Karlar	
Alls 577	Hlutfall: 61%	Alls 365	Hlutfall: 39%

Samkvæmt töflunni eru konur í meirihluta þeirra sem sækja ráðgjöf frá mannréttindaskrifstofu ráðgjöfum eða 62% á móti 38% karla.

Aðgerðir sem lagðar eru til:

Hlutfall kvenna sem nýtti sér þjónustu ráðgjafa mannréttindaskrifstofu var hærra en karla eða 61% á móti 39% karla.

- ✓ Samvinna við stéttarfélög og kynning á ráðgjafþjónustunni.
- ✓ Heimsækja vinnustaði þar sem hátt hlutfall karla af erlendum uppruna vinnur.
- ✓ Auglýsa ráðgjafþjónustu mannréttindaskrifstofunnar í blöðum sem stéttarfélögin gefa út.
- ✓ Kynna miðlæga þjónustu mannréttindaskrifstofunnar fyrir fleiri þjóðarhópum.
- ✓ Samvinna við Velferðarsvið um ráðgjöf og þjónustu við innflytjendur og um áframhaldandi greiningarvinnu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.
- ✓ Að skoða kynjasamsetningu ráðgjafahópsins með það í huga að jafna hlutfall kynjanna í ráðgjafahópnum.

Um greininguna

Þjónustupáttur 1	Miðlæg ráðgjöf til innflytjenda sem mannréttindaskrifstofa veitir í síma, í viðtölum, í gegnum tölvupóst og á samskiptavefnum facebook.
Lýsing á greiningunni	Að sjá hvernig ráðgjöfin og fjármunir til hennar eru að nýtast konum og körlum í hópi innflytjenda.
Markmið greiningarinnar	Að sjá hvort þjónustan nýtist báðum kynjum og skoða hvaða þjóðarhópar nýta hana mest.
Jafnréttismarkmið greiningarinnar	Að þeir fjármunir sem veittir eru til þjónustu við innflytjendur, nýtist báðum kynjum og fjölmennustu þjóðarhópum innflytjenda á Íslandi.


Á vegum mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur er boðið upp á miðlæga ráðgjöf og upplýsingagjöf um þjónustu borgarinnar fyrir innflytjendur óháð búsetu eftir hverfum. Um er að ræða almenna upplýsingagjöf, um réttindi og skyldur í íslensku samfélagi, málefni fjölskyldunnar, vinnutengd mál, dvalarleyfi, ríkisborgararéttindi o.fl. Það eru fjórir kvenkyns ráðgjafar sem veita þessa þjónustu og tala þeir sjö tungumál. Þjónustan er veitt í gegnum síma, í viðtölum, tölvupóstum og á samskiptavefnum facebook.

Ráðgjafaþjónustan hefur aukist á undanförunum mánuðum og voru tveir nýir ráðgjafar ráðnir annar í desember 2012 og hinn í mars 2013. Það eru ráðgjafar sem tala filippínsku, rússnesku og litháísku.

Greiningin nær yfir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2013. Allir ráðgjafarnir, fyrir utan einn sem tók til starfa 1. mars sl., hafa unnið allt tímabilið. Öll erindi sem bárust til ráðgjafa mannréttindaskrifstofunnar voru skráð í excel skjal og flokkuð. Með greiningunni var kannað hvort munur er á fjölda notenda þjónustunnar eftir kyni og upprunalandi.

Kortlagning og greining á kynjasjónarmiðum

Á tímabilinu 1. janúar til 30. júní voru samtals 942 einstaklingar sem sóttu ráðgjöf til mannréttindaskrifstofunnar. Hlutfall kvenna sem nýtti þjónustuna var hærra en karla eða 61% á móti 39% karla.



Mynd. Fjöldi fyrirspurna og upprunaland

Samkvæmt upplýsingum frá Fjölmenningarsetri (Tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi gefið út af Fjölmenningarsetri í júlí 2013) var í byrjun árs 2013 fjöldi kvenna og karla af erlendum uppruna á öllu landinu allt að því jafn (10.898 karlar og 10.548 konur). Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá 1. október 2013 eru 6472 karlar og 6823 konur af erlendum uppruna búsett í Reykjavík.

Fjölmennustu þjóðarhópar í Reykjavík samkvæmt upplýsingum frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar 1. september 2013 eru: Pólland (3252), Litháen (871), Þýskaland (365), Danmörk (361), Bandaríkin (342), Bretland (335), Filippseyjar (328), Lettland (296) og Portúgal (261)

Ráðgjafþjónusta mannréttindaskrifstofunnar var einnig greind árið 2012 og náði greiningin frá 1. febrúar til 1. maí. Um var að ræða ráðgjafþjónustu á pólsku annars vegar og hins vegar á ensku. Þá sinnti pólski ráðgjafinn 137 erindum á tímabilinu og þar af voru 55%

konur og 45% karlar. Enski ráðgjafinn sinnti þá 176 einstaklingum og þar af voru 68% konur og 32% karlar.

Jafnréttismarkmið: Að þeir fjármunir sem veittir eru til þjónustu við innflytjendur, nýtist báðum kynjum og fjölmennustu þjóðarhópum innflytjenda á Íslandi.

Kyngreining

Tafla. Kynjagreining – þjónustupáttur 1

Upphæð	Fjöldi þjónustuþega	Hlutfall kk	Hlutfall kvk	Áhrif á ólaunaða vinnu
	942	39%	61%	Já

Ef einstaklingar væri ekki að fá ráðgjöf þá má leiða líkum að því að það tæki þá töluverðan tíma að afla upplýsinganna upp á eigin spýtur. Þannig er hægt að færa fyrir því rök að ráðgjöfin hafi einhver áhrif á ólaunaða vinnu þ.e. það þarf ekki að eyða miklum tíma í að afla upplýsinga. Karlar hafa t.d. óframseljanlegan rétt til fæðingarorlofs. Ákveðnir þættir í íslenskri löggjöf styðja við samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Bæði karlar og konur þurfa að hafa aðgang að slíkum upplýsingum. Getur dregið úr ólaunuðum heimilis- og umönnunarstörfum kvenna og stuðlað að aukinni þátttöku karla. Mikilvægt er að koma þessum upplýsingum til skila til innflytjenda á Íslandi.


Niðurstöður

Sjá má á þessu hálfis árs yfirliti að fleiri konur en karlar nýta sér þjónustu ráðgjafa Mannréttindastofu eða alls 61% kvenna á móti 39% karla. Alls bárust 942 fyrirspurnir á þessu tímabili sem er rúmlega 5 fyrirspurnir að meðaltali á dag.


Tafla. Niðurstoður fyrir tímabili 1.jan til 30.júní 2013

Málefni	Fjöldi	Konur	Karlar	Konur %	Karlar %
Atvinnumál	156	91	65	58%	42%
Fjárhagsaðstoð	91	41	50	45%	55%
Fjölskyldumál	90	67	23	74%	26%
Heilsa	62	25	37	40%	60%
Húsnæðismál	56	37	19	66%	34%
Réttindi	187	100	87	53%	47%
Skattur	32	25	7	78%	22%
Skóli og frístundir	111	90	21	81%	19%
Önnur mál	157	101	56	64%	36%
ALLS (Σ)	942	577	365	61%	39%

Hér að neðan má sjá tvær myndir, annars vegar af fyrirspurnum kvenna og hins vegar af fyrirspurnum karla. Langflestir höfðu samband vegna réttindamála og voru erindi þess efnis um 19.8% allra fyrirspurna, þar af voru konur 53% fyrirspyrjenda og karlar 47% fyrirspyrjenda. Næst flestir höfðu samband vegna atvinnumála eða 16.5%, 58% konur og 42% karlar. Fæstir höfðu samband vegna skattamála sem voru aðeins 3.3% allra fyrirspurna og voru konur 78% þeirra sem leituðu aðstoðar vegna þeirra. Fleiri konur höfðu samband í flestum málaflokkum. Einungis fleiri karlar höfðu samband í málaflokknum fjárhagsaðstoð eða 55% karla og í málflokknum heilsa eða alls 60% karla. Á sama hátt leituðu fleiri konur upplýsinga um eftirtalda málaflokka; skóla og frístundir (81%), fjölskyldumál (74%), húsnæðismál (66%). Í málaflokknum önnur mál skiptust fyrirspurnir þannig; 53% karlar og 43% konur.




Mynd. Fyrirspurnir - Konur



Mynd. Fyrirspurnir - Karlar

Alls báru 577 konur fram erindi/fyrirspurnir á móti 365 erindum/fyrirspurnum karla. Flestir höfðu samband símleiðis og komu rúmlega 59% erinda með þeim hætti. Alls sendu 13% tölvupóst og 24% áttu bókað viðtal hjá ráðgjafa. Þá voru 3% óbókuð viðtöl og 1% fyrirspurnir á samskiptavefnum facebook.


Á myndinni hér að neðan má sjá þau málefni sem fyrirspurnir fólks sneru að. Hafa ber í huga að verið er að vísa til fjölda einstaklinga.



Mynd. Málefni og kyn

Þegar rýnt er í tölurnar má sjá ákveðna skiptingu á milli karla og kvenna. Skiptingu sem tengist staðalmyndum kynjanna. Þau málefni sem tengjast fjölskyldunni virðast brenna frekar á konum en körlum en málefni tengd fjárhag brenna ýmist meira á konum en körlum. Hafa ber í huga að konur eiga fleiri fyrirspurnir yfir höfuð sem getur skekkt hlutföllin að einhverju leyti.

Hér að neðan má sjá hvaða samskiptamáta þjónustuþegar notuðu varðandi ráðgjöf. Þessar upplýsingar geta gagnast mannréttindaskrifstofunni við frekari þróun á starfi ráðgjafa.



Mynd. Samskipti

Mælikvarðar

Eins og greint var frá í upphafi þessa hluta var fjöldi kvenna og karla af erlendum uppruna á öllu landinu allt að því jafn í upphafi ársins 2013. Þrátt fyrir það eru konur í meirihluta þeirra sem sækja ráðgjöf frá mannréttindaskrifstofunni eða 62% á móti 38% karla. Eins og greint var sömuleiðis frá í upphafi þá er jafnréttismarkmið þessa verks: *Að þeir fjármunir sem veittir eru til þjónustu við innflytjendur, nýtist báðum kynjum og fjölmennustu þjóðarhópum innflytjenda á Íslandi.* Til þess að ná því markmiði er lagður til mælikvarði á árangur. Mælikvarðinn snýr að því að hlutfall karla sem leita eftir ráðgjöf hjá mannréttindaskrifstofu verði komið í 45% haustið 2015.

Aðgerðir sem lagðar eru til:

- ✓ Samvinna við stéttarfélög og kynning á ráðgjafþjónustunni.
- ✓ Heimsækja vinnustaði þar sem hátt hlutfall karla af erlendum uppruna vinnur.
- ✓ Auglýsa ráðgjafþjónustu mannréttindaskrifstofunnar í blöðum sem stéttarfélögin gefa út.
- ✓ Hitta fleiri þjóðarhópa í Reykjavík og kynna fyrir þeim þjónustu mannréttindaskrifstofunnar.
- ✓ Samvinna við Velferðarsvið um ráðgjöf og þjónustu við innflytjendur og um áframhaldandi greiningarvinnu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.
- ✓ Að skoða kynjasamsetningu ráðgjafahópsins með það í huga að jafna hlutfall kynjanna í ráðgjafahópnum.

Eftirlit og mat

- ✓ Tvisvar á ári verður gerð úttekt á erindum sem berast til ráðgjafanna og þau flokkuð eftir kyni fyrirspyrjenda.
- ✓ Fundur með mannréttindastjóra tvisvar á ári þar sem farið verður yfir úttekt ráðgjafa og mat lagt á ásamt tillögum að aðgerðum ef þarf.

2. Stuðningur mannréttindaskrifstofu við fjölmeningarráð

Samantekt

Í þessum hluta er stuðningur mannréttindaskrifstofu við fjölmeningarráð greindur. Þess ber þó að geta að greiningin hentaði ekki fullkomlega fyrir þann greinarramma sem lagður var til. Engu að síður var tekin sú ákvörðun að rýna þjónustuna nánar. Ákveðnar aðgerðir voru í kjölfarið lagðar til.

Aðgerðir sem lagðar eru til:

- ✓ Að vinna reglur um fjölmeningarráð til þess að uppfylla lagaskyldu um jafnt kynjahlutfall í nefndum og ráðum.
- ✓ Að fundir, viðburðir og verkefni fjölmeningarráðs í framtíðinni henti báðum kynjum. Hafa í huga umræðuefni, fundarstaði, fundartíma o.fl.
- ✓ Að hvetja bæði kyn af erlendum uppruna að bjóða sig fram í fjölmeningarráð

Um greininguna

Þjónustubáttur 2	Stuðningur mannréttindaskrifstofu við fjölmeningarráð Reykjavíkur.
Lýsing á greiningunni	Að sjá hvernig ráðgjöfin og fjármunir eru að nýtast konum og körlum í hópi innflytjenda.
Markmið greiningarinnar	Að skoða hvort þjónustan nýtist báðum kynjum og fjölmennustu þjóðarhópum innflytjenda
Jafnréttismarkmið greiningarinnar	Að sá stuðningur og fjármunir sem mannréttindaskrifstofan veitir ráðinu nýtist báðum kynjum og fjölmennustu þjóðahópum innflytjenda á Íslandi

Það hafði lengi verið ljóst að raddir innflytjenda þyrftu að heyrast betur til að bæta mætti þjónustu við þá í borginni og til að vita um líðan þeirra. Einnig til að auðvelda

gagnkvæma aðlögun þeirra og íslensks samfélags. Starfsfólk mannréttindaskrifstofa átti frumkvæði að því að kosið var í fjölmeningarráð á fyrsta fjölmeningarþingi Reykjavíkurborgar sem haldið var árið 2010. Búið er að halda tvö þing, árið 2010 og 2012 og búið er að ákveða að halda fjölmeningarþing annað hvert ár í framtíðinni.

Fjölmeningarráð er ráðgefandi aðili fyrir mannréttindaráð Reykjavíkur og stofnanir borgarinnar í málefnum innflytjenda. Kosið var í nýtt fjölmeningarráð á fjölmeningarþinginu sem haldið var í nóvember 2012.

Starfsfólk mannréttindaskrifstofunnar hefur stutt fjölmeningarráð á ýmsan hátt og sl. mánuði hefur starfsmaður sinnt ráðinu í um 4 klst. vikulega.

Kortlagning og greining á kynjasjónarmiðum

Við gerð þessa verkefnis hefur komið í ljós að þetta verkefni hentar ekki nógu vel inn í verkefnalýsingu vegna greiningar- og aðgerðaráætlunar með aðferðarfræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Æskilegt hefði verið að teymið hefði skilgreint betur lýsingu á verkefninu og afmörkun þess í upphafi.

Eins og fram hefur komið var kosið í annað skipti í fjölmeningarráð seinni hluta árs 2012. Frambjóðendur voru samtals 15 einstaklingar, 7 konur og 8 karlar. Þau sem hlutu kosningu í ráðið voru 4 konur og 3 karlar. Í varastjórn voru 4 karlar og 3 konur. Formaður er karlkyns og sá eini sem var í fyrsta fjölmeningarráðinu.

Breytingar hafa orðið á fjölmeningarráðinu og í dag sitja í stjórn 2 karlar og 5 konur (29% karlar og 71% konur). Fyrirkomulagið hefur verið þannig að þegar einstaklingur í stjórn hættir, að þá er kallaður til næsti einstaklingur á listanum. Það eru ekki til vinnureglur innan ráðsins sem tryggja jafnt kynjahlutfall í fjölmeningarráði og er full þörf á að breyta því. Einnig að upplýsa fjölmeningarráð um þá lagaskyldu sem er um jafnt kynjahlutfall í nefndum og ráðum.

Mannréttindaskrifstofan hefur stutt fjölmeningarráð á ýmsan hátt. Eins og áður segir sinnir starfsmaður skrifstofunnar ráðinu í u.þ.b. 4 klst. á viku. Helstu verkefni hans eru ritun fundargerða og bréfa, prentun, vinnsla á auglýsingum, umsjón með fréttatilkynningum o.fl. Mánaðarlega eru haldnir fundir með fjölmeningarráði og mannréttindaskrifstofunni þar sem minnst tveir starfsmenn frá skrifstofunni sitja.

Jafnréttismarkmið: Að sá stuðningur og fjármunir sem mannréttindaskrifstofan veitir ráðinu nýtist báðum kynjum og fjölmennustu þjóðahópum innflytjenda á Íslandi.

Mælikvarðar

- ✓ Að fundir, verkefni og viðburðir á vegum fjölmeningarráðs verði sýnilegri og nýtist báðum kynjum
- ✓ Að tryggja jafnt kynjahlutfall í fjölmeningarráði árið 2014

Aðgerðir lagðar til:

- ✓ Að vinna reglur um fjölmeningarráð til þess að uppfylla lagaskyldu um jafnt kynjahlutfall í nefndum og ráðum.
- ✓ Að fundir, viðburðir og verkefni fjölmeningarráðs í framtíðinni henti báðum kynjum. Hafa í huga umræðuefni, fundarstaði, fundartíma o.fl.
- ✓ Að hvetja bæði kyn af erlendum uppruna að bjóða sig fram í fjölmeningarráð

Eftirlit og mat

- ✓ Að skoða kynjasamsetningu hópsins sem sækir viðburði á vegum fjölmeningarráðs.
- ✓ Að fylgjast með kynjahlutfalli í ráðinu

3. Styrkveitingar mannréttindaráðs

Samantekt

Í þessum þriðja hluta greiningar mannréttindaskrifstofunnar eru styrkir sem mannréttindaráð Reykjavíkur veitir greindir. Tvisvar á ári veitir ráðið styrki til félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um styrki og fjárveitingu. Áhersla er lögð á að styrkjaumsóknirnar falli undir markmið mannréttindastefnu borgarinnar.

Aðgerðir sem lagðar eru til

- ✓ Starfsfólk mannréttindaskrifstofu og mannréttindaráðs ræði um leiðir til að kynna betur styrki mannréttindaráðs og finni leiðir til að kynna þá meðal þeirra hópa sem mannréttindastefnan nær til.
- ✓ Að búa til aðgengilegt yfirlit yfir alla styrki sem í boði eru og þýða á ensku og pólsku og mögulega önnur tungumál og dreifa meðal innflytjenda og mismunandi þjóðarhópa.
- ✓ Skoða möguleikana á að bjóða upp á aðstoð við að fylla út styrkjaumsóknir.
- ✓ Að virkja fjölmeningarráð í að auglýsa styrki borgarinnar.

Í greiningunni var fyrri styrkjaúthlutun á árinu 2013 skoðuð.

Um greininguna

Þjónustupáttur 3	Styrkveitingar mannréttindaráðs
Lýsing á greiningunni	Að greina hverjum styrkirnir nýtast miðað við þá hópa sem mannréttindastefnan nær til
Markmið greiningarinnar	Að styrkirnir nýtist öllum hópum sem mannréttindastefnan nær til og báðum kynjum
Jafnréttismarkmið greiningarinnar	Að styrkir mannréttindaráðs nýtist báðum kynjum innan ólíkra hópa.

Tvisvar á ári veitir mannréttindaráð styrki til félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga vegna starfsemi og þjónustu í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um styrki og fjárveitingu sem ráðið ákveður í samræmi við fjárhagsramma þess. Við styrkveitingar skal miða við að umsóknir falli undir markmið mannréttindastefnu borgarinnar.

Í greiningunni var fyrri styrkjaúthlutun á árinu 2013 skoðuð. Umsókn um seinni styrkjaúthlutun var 1. október sl.

Kortlagning og greining á kynjasjónarmiðum

Átta aðilar sóttu um styrk fyrri hluta árs 2013 og fengu þeir allir úthlutað. Allar umsóknirnar tengjast báðum kynjum og þeim hópum sem mannréttindastefnan nær til fyrir utan það að engin umsókn sneri að trúarbrögðum, kynhneigð eða stjórnmálaskoðunum.

Jafnréttismarkmið: Að styrkir mannréttindaráðs nýtist báðum kynjum innan ólíkra hópa.

Kyngreining

Tafla. Kyngreining frh. – þjónustubáttur 3

Umsækjandi	Hlutfall kynja í félagi*		Minnihluta hópar sem Mannréttindaskrifstofa sér um	Markhópur verkefnisins
	kvk	kk		
<i>Projekt Polska</i>	29%	71%	innflytjendur	bæði kyn
<i>List án landamæra</i>	75%	25%	fatlaðir	bæði kyn
<i>Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur</i>	62%	38%	innflytjendur	bæði kyn
<i>Styrktarfélag Alþjóða geðheilbrigðisdagsins</i>	17%	83%	heilsa	bæði kyn
<i>Knattspyrnufélagið Valur</i>	-	-	aldur, innflytjendur	bæði kyn
<i>Sigurlaug Hauksdóttir</i>	100%	0%	kyn	bæði kyn
<i>Femínistafélag Íslands</i>	82%	18%	kyn	bæði kyn
<i>Vinafjölskyldur</i>	100%	0%	aldur, innflytjendur	bæði kyn

Skoðað var hlutfall kynja í stjórninni félags nema ef það var einstaklings umsókn. Ekki fengust upplýsingar um hlutfall kynja hjá Knattspyrnufélaginu Vali. Allar umsóknirnar sem bárust munu nýtast báðum kynjum

Mælikvarðar

Að styrkveitingar mannréttindaráðs nýtist báðum kynjum og öllum hópum sem mannréttindastefnan nær til haustið 2015.

Aðgerðir lagðar til:

- ✓ Starfsfólk mannréttindaskrifstofu og mannréttindaráðs ræði um leiðir til að kynna betur styrki ráðsins og finni leiðir til að kynna þá meðal þeirra hópa sem mannréttindastefnan nær til.
- ✓ Að búa til aðgengilegt yfirlit yfir alla styrki sem í boði eru og þýða á ensku, pólsku og mögulega önnur tungumál og dreifa meðal innflytjenda og mismunandi þjóðarhópa.
- ✓ Skoða möguleikana á að bjóða upp á aðstoð við að fylla út styrkjaumsóknir.
- ✓ Að virkja fjölmeningarráð í að auglýsa styrki borgarinnar.

Eftirlit og mat

Styrkveitingar mannréttindaráðs verði skoðaðar tvisvar á ári með tilliti til kynjaðrar fjár-og starfsáætlunargerðar af starfsfólki mannréttindaskrifstofunnar og mannréttindaráðs.

Reykjavík, 14.nóvember 2013

X

Edda Ólafsdóttir

X

Haldóra Gunnarsdóttir

X

Joanna Marcinkowska

Eigandi verkefnisins staðfestir með undirskrift sinni að hún hafi lesið skýrsluna og sé meðvituð um næstu skref:

X

Anna Kristinsdóttir
Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar